

## LEYFISBRÉF FYRIR NÝNEMAFERÐ

Fimmtudaginn 14. september verður farið í hina árlegu Nýnemaferð Tækniskólans. Farið verður frá Hafnarfirði kl. 15:30, Skólavörðuholti og Háteigsvegi kl. 16:00. Æskilegt er að allir nemendur mæti með farangurinn sinn í skólann að morgni, en boðið verður upp á að geyma farangurinn í húsnæði skólans. Heimkoma er áætluð kl. 13:00 föstudaginn 15. September og verður hefðbundin kennsla það sem eftir er af föstudeginum.

Nýnemaferðin er hefð í Tækniskólanum og hefur haft það að markmiði að hrista saman nýnema svo þeir kynnist betur og myndi samheldinn hóp fyrir komandi ár.

Ferðin kostar 4000kr. Innifalið í verðinu er gisting, kvöldmat, skemmtidagskrá ásamt miða á nýnemaballið sem fram fer á Spot í Kópavogi fimmtudaginn 21. september.

Þátttakendur þurfa að hafa með sér föt eftir veðri, svefnpoka/sæng, kotta, dýnu/vindsæng, sundföt, morgunmat fyrir föstudaginn og svo er öllum frjálst að koma með snarl til að hafa í rútunni og/eða um kvöldið.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við Þorvald Guðjónsson, félagsmálafulltrúa í gegnum tölvupóst: [valdi@tskoli.is](mailto:valdi@tskoli.is) eða í síma 6983857.

Með undirskrift forráðamanns er nemandi gefið leyfi til þess að fara í nýnemaferðina. Allar ferðir og skemmtanir á vegum skólans eru áfengis- og vímuefnalausar. Verði nemendur uppvísir að drykkju eða vímuefnaneyslu verður hringt í foreldra og þeir látnir sækja börnin sín eða þau send heim á eigin kostnað.

---

Nafn nemenda og kennitala

---

Undirskrift forráðarmanns

---

Dagsetning